

Atlantsolía ehf
Lónsbraut 2
220 Hafnarfjörður

Akureyri, 4.10.2024
UST202401-240/G.S.Á.
08.06.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 29.08.2024 - Atlantsolía ehf., Hafnarfirði ID 102

Þann 29. ágúst sl. fór fram reglubundið eftirlit í olúbirgðastöð Atlantsolíu ehf., Hafnarfirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Rekstraraðili vinnur eftir samþykktri úrbótaáætlun varðandi eldra frávik frá árinu 2022. Vinnan er enn í gangi og verður svæðið aftur tekið út í næsta eftirliti.

Ein ábending var sett fram í eftirlitinu er varðar:

1. Ábending er sett fram um að uppfæra þarf áætlun um rekstrarstöðvun skv. gr. 1.5 í starfsleyfi og senda til eftirlitsaðila

Fjögur frávik komu fram er varða:

1. Gr. 3.8 í starfsleyfi. Tryggja skal að olía sleppi ekki út í umhverfið við löndun olíu. Tæma þarf og setja lok yfir stamp sem stendur við hlið þróarinnar um löndunarlagnir. Stampurinn var fullur af olúmengudum sandi/drullu, vatni og rusli.
2. Gr. 3.9 í starfsleyfi. Prófanir á aðvörunarbúnaði í olúskilju hafa ekki verið framkvæmdar. Mikilvægt er að sjálfvirkur viðvörunarbúnaður sé virkur og prófaður reglulega skv. fyrir fram skráðu verklagi.
3. Gr. 4.1 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal skrá upplýsingar skv. þeim lista er fram kemur í gr. 4.1 í starfsleyfi. Skráningum er ábótavant. Upplýsingar vantaði á mánaðablöð um viðhald og mælingar á olúskilju.
4. Gr. 4.3 í starfsleyfi. Mæla skal olíu í fráveituvatni, að lágmarki þriðja hvert ár. Mæling var síðast gerð árið 2020.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 28. október 2024.

Virðingarfyllst

Guðbjörg Stella Árnadóttir
sérfræðingur

Freyr Ævarsson
sérfræðingur